

Eystrahorn

28. tbl. 40. árgangur

Fimmtudagurinn 25. ágúst 2022

www.eystrahorn.is

Hlaupahópur Hornafjarðar byrjar sitt annað hlaupaár



Hlaupahópur Hornafjarðar nálgast ársafmælið, en fyrsta æfing hópsins fór fram 5. september fyrir tæpu ári síðan. Hópurinn er starfræktur í samstarfi við frjálsíþróttadeild Umf Sindra. Við stofnun setti hópurinn sér það meginmarkmið að efla og fjölga hlaupurum á Hornafirði og bæta lífsgæði einstaklinga með því að geta hlaupið sér til gleði og heilsubótar. Það er ekki annað hægt að segja en að hópurinn hafi heldur betur eflst á þessu eina ári og voru iðkendur í vor vel yfir fjórutíu. Þjálfari getur ekki annað en haldið því á lofti líka að gleðin í hópnum sé með eindæmum góð og hópeflið vel nýtt. Án skemmtilegra hlaupara er enginn hlaupahópur!

Í sumar uppskárú hlauparar eftir æfingar vetrarins með þátttöku í hinum ýmsu almenningshlaupum, eins og Puffin Run, Mýrdalshlaupinu, Hengil Ultra, Gullsprettinum, Hlaupið fyrir Horn, Þorvaldsdalsskokkinu, Akureyrarhlaupi, Laugarvegsmaraþoni, Austur Ultra og Fimmvörðuhálshlaupinu. Yfir 30 hlauparar hlupu í Mýrdalnum í maí, í júní voru það um 20 hlauparar sem fóru fyrir Horn og í Austur Ultra hlaupinu í Lóni hlupu yfir 24 undir merkjum Hlaupahóps Hornafjarðar.

Sannkölluð veisla fór svo fram í Reykjavíkumaraþoninu um nýliðna helgi þar sem margir meðlimir hlupu og styrktu í leiðinni hin ýmsu góðgerðarsamtök. Ber það hæst að nefna stuðning við "Team Heiðrún og Laufey" sem hlupu fyrir Ljósið og safnaði hópurinn yfir 600.000 kr. Vert er einnig að taka fram að hlaupahópurinn stóð fyrir svokölluðum vetrarhlaupum síðasta vetur, hvar hlaupin var 5 km hringur, 1 x í mánuði frá október fram í mars. Vetrarhlaupin verða aftur á dagskrá í vetur. Einnig tók hópurinn þátt í Humarhátíð í júní með því að aðstoða við Sindraleikana sem og að halda utan um 9 km utanvegahlaup fyrir Horn.

Reglubundnar æfingar Hlaupahóps Hornafjarðar byrja á ný þriðjudaginn 29. ágúst. Fyrstu tvær vikurnar verða opnar öllum til kynningar en að sjálfsögðu er öllum velkomið að kíkja á okkur hvenær sem er og taka stöðuna. Gert er ráð fyrir að byrjendanámskeið hefjist einnig 29. ágúst. Námskeið miðar að þeim sem hafa lítinn hlaupabakgrunn og markmiðið í lok 12 vikna námskeiðsins er að geta hlaupið 5 km samfelld án þess að stoppa. Þjálfari hópsins, Helga Árnadóttir, nýtti vorið og sumarið til að

afla sér meiri þekkingar á sviði hlaupaþjálfunar. Í vor sótti hún 2ja daga námskeið hjá Langhlaupanefnd FRÍ. Leiðbeinandi var Daninn Max Boderskov, cand.scient í íþróttum og sérfræðingur í hlaupum og hlaupaþjálfun. Max er höfundur að námskeiðum varðandi hlaupaþjálfun í Danmörku, reynslumikill hlaupari, fyrirlesari og hlaupaþjálfari. Einnig er Helga þessa dagana á lokametrunum við að klára 1. stig þjálfaramenntunar hjá ÍSÍ. Þau

sem vilja upplýsingar um hópinn geta haft samband við Helgu í síma 888 5979, í gegnum facebook síðu hlaupahópsins eða netfangið hlaupahopurhornafjarðar@gmail.com

Hlökkum til að sjá þig á hlaupum í vetur!

Aðalfundur Leikfélags Hornafjarðar

Fer fram í Hlöðunni (Fiskhóli 5)
þann 6. september kl. 20:00.
Venjuleg aðalfundarstörf.
Hvetjum öll áhugasöm til að

mæta!



Stjórnin



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Breyttur opnunartími móttökustöðvar

Frá og með 30. ágúst verður nýr opnunartími móttökustöðvar sveitarfélagsins fyrir úrgang eftirfarandi:

Mánudaga til fimmtudaga: kl. 13:00 – 17:00
Laugardaga: kl. 11:00 – 15:00

Áfram verður lokað á föstudögum og sunnudögum.

Verkefnastjóri umhverfismála



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Verkefnastjóri veitna og gatnagerðar

Umhverfis- og skipulagssvið Sveitarfélagsins Hornafjarðar auglýsir laust til umsóknar starf verkefnastjóra í viðhaldi og nýframkvæmdum. Verkefni snúa fyrst og fremst að veitum, gatnagerð, kortagrunnum og mælingum. Um er að ræða starf sem felur í sér stjórnun verkefna á sviðinu en einnig aðkomu að vali, þróun og innleiðingu á tæknilausnum.

Helstu verkþættir:

- Umsjón með hönnun og viðhald á veitum, götum og opnum svæðum í samstarfi við bæjarverkstjóra
- Umsjón með áætlanagerð, hönnun og útboðum
- Utanumhald um stafræna grunna sveitarfélagsins, aðgengi að þeim og birtingu
- Uppmælingar og útsetningar vegna framkvæmda og viðhalds
- Eftirlit með framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins

Hæfnis- og menntunarkröfur:

- Verk, tækni-, byggingarfræðimenntun eða iðnmenntun er æskileg
- Þekking á veitukerfum og rekstri þeirra er kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun er æskileg
- Reynsla af verklegum framkvæmdum er kostur
- Reynsla af vinnu við landupplýsinga- og/eða cad-kerfi er kostur
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum er skilyrði
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku er æskileg
- Stundvísi, ástundun og dugnaður
- Góð almenn tölvukunnátta

Umsóknarfrestur er til **10. september 2022**. Umsóknir sendist rafrænt á netfangið brynja@hornafjordur.is. Frekari upplýsingar veitir Brynja Dögg Ingólfsdóttir umhverfis- og skipulagstjóri í síma 4708003 eða á brynja@hornafjordur.is



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Hefur þú áhuga á umhverfis- og skipulagsmálum?

Umhverfis- og skipulagssvið Sveitarfélagsins Hornafjarðar auglýsir laust til umsóknar starf ritara. Starfið felst í almennri skrifstofuvinnu og þjónustu við viðskiptavini sviðsins. Um er að ræða móttöku gagna og skjalaumsjón. Ráðgjöf og upplýsingagjöf við umsækjendur í síma og tölvupósti. Samskipti og bréfaskriftir við opinberar stofnanir. Undirbúningur funda og frágangur, ritun fundargerða. Umsjón með samráðsfundum, upplýsingum á heimasíðu og auglýsingum sviðsins.

Hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Reynsla af skrifstofustörfum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Gott vald á íslensku í bæði rituðu og töluðu máli
- Þekking og reynsla af One málakerfi er kostur
- Þekking á skipulags- og byggingarmálum er kostur
- Þekking og reynsla af stjórnsýslu er kostur
- Sjálfstæði, skipulagsfærni, samviskusemi og nákvæmni
- Rík þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum

Umsóknarfrestur er til **10. september 2022**. Umsóknir sendist rafrænt á netfangið brynja@hornafjordur.is. Frekari upplýsingar veitir Brynja Dögg Ingólfsdóttir umhverfis- og skipulagstjóri í síma 4708003 eða á brynja@hornafjordur.is



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 470-8000 / www.hornafjordur.is

VILTU VERA MEÐ Í HLAUPAHÓP?

KYNNINGARKVÖLD

ALLIR SEM Hafa ÁHUGA Á AÐ KYNNA SÉR HLAUPAHÓPINN 29. ÁGÚST KL. 20.00 Í HEKLU SAMKOMUHÚS UMF SINDRA, HAFNARBRAUT.

Veturinn 2022-2023
Þjálfari: Helga Árnadóttir

Í boði verður m.a.:
3 hlaupaæfingar á viku (þri, fim og lau)
Þjálfari til staðar á æfingum
Mismunandi hlaupaæfingar eftir getu
Facebook hópur
Hlaupateyndir viðburðir í vetur

FYRSTA ÆFING VETRARINS VERÐUR ÞRIÐJUDAGINN 30. ÁGÚST. BYRJENDUR VELKOMNIR Iðkendur hafa aðgang að æfingum hvorrar viku á lokaðri fésbókarsíðu.

Greiðsla og skráningar fara fram í gegnum appið Sportabler
Haustönn - 20.000 kr
Vorönn - 30.000 kr
Báðar annir - 40.000



sportabler

Upplýsingar:
Facebook/Hlaupahópur Hornafjarðar
Helga Árnadóttir
Netfang: hlaupahopurhornafjarðar@gmail.com
Gsm: 888 5979



Lumar þú á áhugaverðu efni í Eystrahorn?

Við hvetjum þig til að senda okkur línu á
eystrahorn@eystrahorn.is



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi: HLS ehf.
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes
Umbrot: Tjörvi Óskarsson
Prentun: Litlaprent
ISSN 1670-4126

Bygging hjúkrunarheimils á Höfn

Þann 22. júlí s.l. birtist frétt á vef Heilbrigðisráðuneytisins þess efnis að tilboð Húsheildar ehf. í byggingu hjúkrunarheimilis á Höfn hefði verið samþykkt af heilbrigðisráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti og Sveitarfélaginu Hornafirði.

Með þessari samþykkt hefur markverðum áfanga verið náð í sambandi við framkvæmd þessa, sem heimamenn hafa barist fyrir um árabíl og er svo sannarlega ástæða til að fagna því.

Eigi að síður leiðir það hugann aftur í tímann og ástæða til að rifja upp nokkur atriði í því sambandi.

Núverandi hjúkrunarheimili var formlega vígt og tekið í notkun þann 28. nóvember 1996. Þann dag birtist grein í Eystrahorni eftir Gísla Sverri Árnason, forseta bæjarstjórnar Hornafjarðar, þar sem m.a. sagði: „**Að lokum er rétt að nefna að eins og fólk rekur minni til er bygging sú sem nú er risin aðeins fyrri áfangi af tveimur. Því þarf að undirbúa sem fyrst tillögur Austur-Skaftfellinga um það hvernig staðið verði að fullnaðarhönnun og byggingu síðari áfanga.**“

• Óhætt er að fullyrða að alla tíð síðan hafa starfandi bæjarstjórnir á hverjum tíma barist fyrir þessu verkefni. Hægt hefur miðað og það voru því gleðitíðindi í maí 2018 þegar þáverandi heilbrigðisráðherra, Svandís Svavarsdóttir, undirritaði samkomulag við Sveitarfélagið Hornafjörð „**um byggingu nýs hjúkrunarheimilis og breytingu á hluta núverandi hjúkrunarrýmis**“ eins og segir í umræddu samkomulagi.

• Í samkomulaginu var kveðið á um hönnunarsamkeppni um bygginguna og fór sú vinna fljótlega af stað. Rösku ári seinna, fimmtudaginn 20. júní 2019 voru kynntar niðurstöður úr hönnunarsamkeppni um hjúkrunarheimilið í Nýheimum á Höfn. Alls bárust sautján tillögur. Niðurstaða dómnefndar var að tillaga BASALT arkitekta og EFLU verkfræðistofu hlutu fyrstu verðlaun. Í frétt um kynningu þessa segir í lok hennar: „**Stefnt er að útböð á verklegum framkvæmdum verði auglýst í byrjun árs 2020 og heimilið verði tekið í notkun 2021.**“

• Þessi ósk rættist hins vegar ekki. Framkvæmdasýsla ríkisins auglýsti loks útböð



á framkvæmdinni sumarið 2021 og voru tilboð opnuð þann 7. september 2021. Tvö tilboð bárust. Ístak hf. bauð kr. 2.139 þúsund, en Húsheild ehf. kr. 1.860 þúsund. Kostnaðaráætlun Framkvæmdasýslu var kr. 1.569 þúsund og var því lægra tilboðið 18,5% hærra en kostnaðaráætlun. Þann 15. október 2021 tók Framkvæmdasýslan ákvörðun um að hafna báðum tilboðum að höfðu samráði við heilbrigðis- og fjármálaráðuneyti. Í frétt RUV þann 27. október 2021 segir: „**Bæjarstjórn á Hornafirði er ekki sátt við það og samþykkti bókun þar sem afstaða ríkisins er hörmuð. Verkefnið hafi dregist fram úr hófi og á sama tíma hafi byggingarkostnaður hækkað verulega. Sveitarfélagið hafi nú þegar greitt tæpar 200 milljónir í undirbúning. Þess er væntað Framkvæmdasýsla ríkisins skoði hvaða leiðir séu færar án þess að bjóða þurfi út framkvæmdina á ný. Bæjarstjórn skorar á þingmenn og ráðherra Suðurkjördæmis að styðja Sveitarfélagið Hornafjörð í að framkvæmdin hljóti framgöngu án frekari tafa.**“

• Tíminn leið. Mikillar óþolinmæði og óánægju hefur gætt meðal íbúa og heimilisfólks á hjúkrunarheimilinu tók sig til og mótmælti með reglubundnum hætti og krafðist framkvæmda. Það var loks þann 8. júlí s.l. að opnuð voru að nýju tilboð í framkvæmdir við Hjúkrunarheimili á Höfn. Eitt tilboð barst. Húsheild ehf. bauð kr. 2.080 þúsund, en kostnaðaráætlun Framkvæmdasýslu ríkisins var

kr. 1.892 þús. Tilboðið var þannig 9,9% yfir kostnaðaráætlun. Það var loks þann 22. júlí s.l. sem frétt birtist á vef Stjórnarráðs Íslands um að heilbrigðisráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneytið og Sveitarfélagið Hornafjörður hefðu samþykkt að taka tilboði Húsheildar ehf. „**Miðað er við að framkvæmdir hefjist á haustmánuðum 2022 og heimilið verði tekið í notkun árið 2024**“ eins og segir í umræddri frétt.

Veltum nú aðeins fyrir okkur hvernig fjárhæðirnar sem um ræðir hafa þróast á þessum langa meðgöngutíma. (sjá meðfylgjandi töflu)

fyrri tilboð Húsheildar framreiknað með byggingarvísitölu er það eigi að síður 77 milljónum hærra. Athygli vekur líka að nú hækkar kostnaðaráætlun Framkvæmdasýslu um 20,56% á sama tíma og byggingarvísitala hækkar um 7,69%. Er óeðlilegt að spurt sé. Hvar er sparnaðurinn?

Á fundi Bæjarstjórnar Hornafjarðar þann 18. ágúst s.l. vakti Ásgerður K. Gylfadóttir, bæjarfulltrúi athygli á þessu og hve mikil þessi hækkan væri. Þetta kostaði sveitarfélagið um 50 milljón krónum meira nú en ef tilboði Húsheildar ehf frá september 2021 hefði verið tekið. Niðurstaðan er sorglegt dæmi um soun á peningum almennings og

		Framkv. sýsla kostn. áætlun	Bygg. vísitala	Húsheild ehf. tilboð
1	Opnun tilboða 7. september 2021. Tilboð Húsheildar 118,5% af kostnaðaráætlun	1.569.969.725	156,1	1.860.328.286
2	Opnun tilboða 8. júlí 2022. Tilboð Húsheildar 109,9% af kostnaðaráætlun	1.892.751.350	168,1	2.080.668.062
3	Breytingar frá 7.9. 2021 til 8.7.2022			
a	Tilboð Húsheildar ehf. frá sept. 2021			
	framreiknað með bygg.vísitölu til júlí 2022	1.860.328.286		2.003.387.531
b	Byggingartvísitala hækkar um		7,69%	
c	Tilboð Húsheildar ehf. hækkar um		11,84%	
d	Kostnaðaráætlun Frkv.sýslu hækkar um		20,56%	

Þegar tilboðum var hafnað í október 2021 var það á þeim forsendum að vinna þyrfti að breytingum á hönnun sem gætu leitt til lækkunar byggingarkostnaðar. Ekki verður séð af ofangreindum staðreyndum að það hafi borið árangur.

Niðurstaðan er að það tilboð sem nú er búið að samþykka er 220 milljón krónum hærra en fyrri tilboð. Sé

tíma sem betur hefði verið nýttur til framkvæmda.

Er hugsanlegt að einhverjir í hinni opinberu stjórnarsýslu Framkvæmdasýslunnar, heilbrigðisráðuneytisins eða fjármála- og efnahagsráðuneytisins séu stoltir af árangrinum? Spyr sá sem ekki veit.

Hermann Hansson,

Þér er boðið á 20 ára afmælishátíð Nýheima

Litlubrú 2 - 27. ágúst - kl.: 13-16

- 13:00 – 14:00** Hátíðardagskrá á Nýtorgi, kynnrir er Ragnildur Jónsdóttir Hátíðarerindi:
Gísli Sverrir Árnason, fyrrum formaður byggingarnefndar Nýheima
Eyjólfur Guðmundsson, fyrrverandi skólameistari FAS
Sigurjón Andrússon, bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar
Tónlistaratriði frá Tónskóla Hornafjarðar
- 14:00 – 16:00** Hátíðarkaffi á Nýtorgi í boði Sveitarfélagsins Hornafjarðar
- 14:00 – 16:00** Náttúrustofa Suðausturlands sýnir frá starfi sínu og verður að auki með til gamans nokkrar hauskipunur sem fólk getur spreytt sig á að þekkja, einnig verða spennandi hlutir til að skoða bæði í víðsjá og smásjá. Auk þess verður hægt að hlusta á brot úr viðtölum við konur úr Sveitarfélaginu sem tekin voru fyrir verkefnið „Fortíðarsamtal fyrir framtíðina“.
- 14:00 – 16:00** Vöruhúsið verður með tæki og verkefni til sýnis
- 14:00 – 16:00** Stuttmyndir frá stofnunum Nýheima sýndar í fyrirlestrarsal
- 14:00 – 16:00** Náttúrubingó í boði Vatnajökulspjóðgarðs
- 14:00 – 15:00** Listasmiðjur fyrir krakka inni á bókasafni. Starfsfólk Menningarmiðstöðvarinnar leiðir listasmiðjur fyrir alla krakka. Unnið verður með efnivið úr náttúrunni sem skoðaður verður í smásjám.
- 14:30** Tónlistaratriði á Nýtorgi: hljómsveitin Fókus
- 15:00** Tónlistaratriði á Nýtorgi: Björg Blöndal & Þorkell Ragnar
- 15:30** Tónlistaratriði á Nýtorgi: Luiz og Amylee
- 15:30 – 16:00** Verðlaun afhent þátttakendum Lestrarhestsins 2022

